

notkunnarleiðbeining

Fjórfaldur gardínuliði 230 V AC  
pöntunar-nr. 1039 00

Tvöfaldur gardínuliði 230 V AC  
pöntunar-nr. 2152 00

Fjórfaldur gardínuliði 24 V DC  
pöntunar-nr. 2154 00

Fjórfaldur gluggahleraliði 230 V AC  
pöntunar-nr. 2160 00

Áttfaldur gardínuliði 230 V AC  
pöntunar-nr. 2161 00



## Efnisyfirlit

1	Öryggisleiðbeiningar .....	3
2	Tækjalýsing .....	3
3	Kerfisupplýsingar .....	4
4	Fyrirhuguð notkun.....	4
5	Eiginleikar tækis .....	4
6	Notkun .....	5
7	Upplýsingar fyrir rafvirkja .....	8
7.1	Uppsetning .....	8
7.2	Bus-leiðsla tengd .....	8
7.3	Gardínuliði DC 24 V: Tenging við rafmagn .....	9
7.4	Gardínuliða AC 230 V og rúllugardínuliði: Rafmagnstenging. ....	10
7.5	Fyrsta notkun .....	12
8	Tæknilýsing .....	14
9	Aðstoð ef vandamál koma upp .....	16
10	Ábyrgð .....	17

## 1 Öryggisleiðbeiningar



Eingöngu löggiltir rafverktakar mega sjá um uppsetningu og tengingu rafmagnstækja.

Komið getur til alvarlegs líkamstjóns, eldsvoða eða eignatjóns. Lesið leiðbeiningarnar vandlega og farið eftir þeim.

Hætta vegna raflosts. Takið strauminn af áður en unnið er við tækið eða tengd tæki. Það gildir einnig um alla sjálfvirka öryggisrofa sem geta leitt hættulega spennu í tækið eða tengd tæki.

Slyshætta. Aðeins má nota tækið til að stýra gardínu- og gluggahleramótorum eða markísum. Ekki má stjórna búnaði af öðru tagi.


Ef hliðtengja á fleiri en einn mótur við sama útgang er mikilvægt að leiðbeiningum framleiðanda sé fylgt og ef þörf krefur skal nota rofliða. Mótóranir geta skemmd.

Aðeins skal nota gardínumótora með mekanískum eða rafdrifnum endastöðurofum. Gangið úr skugga um að endastöðurofar séu rétt stilltir. Fylgið leiðbeiningum framleiðanda fyrir mótora. Tækið getur orðið fyrir skemmdum.

Hætta vegna raflosts við SELV/PELV-uppsetningu. Ekki má tengja fleiri en einn notanda fyrir veituspennu og SELV/PELV (smáspennu) við tækið í einu.

Þessar leiðbeiningar eru hluti af vörunni og verða að fylgja með til kaupanda.

## 2 Tækjalýsing



mynd 1

- (1) Hnappareitur fyrir handstýringu
- (2) Forritunarhnappur og forritunarljós
- (3) Tenging KNX
- (4) Tenging við veituspennu
- (5) Stöðuljós útganga

- (6) Gardínumótorar tengdir

### 3 Kerfisupplýsingar

#### Kerfisupplýsingar

Þetta tæki er vara úr KNX-kerfinu og uppfyllir allar kröfur og reglur KNX. Staðgóð fagþekking sem aðeins fæst á KNX-námskeiðum er nauðsynleg til að skilja virkni tækisins.

Virkni tækisins fer eftir hugbúnaðinum sem notaður er. Ítarlegar upplýsingar um hugbúnaðarútgáfur og virkni þeirra sem og um sjálfan hugbúnaðinn er að finna í gagnabanka framleiðandans. Undirbúningur, uppsetning og notkun tækisins má aðeins fara fram með KNX-vottuðum hugbúnaði. Gagnabanki um framleiðsluvörur okkar ásamt tæknilegum lýsingum á þeim er ávallt uppfærður og tiltækur á vefsíðu okkar.

### 4 Fyrirhuguð notkun

- Til að stjórna rafknúnum gardínum, gluggahlerum, markísum o.þ.h. fyrir AC 230 V veituspennu eða DC 12...48 V smáspennu.
- Uppsetning á hattbraut samkvæmt EN 60715 í deilistöð.

### 5 Eiginleikar tækis

- Hægt er að stjórna útgöngum handvirkt, fyrir notkun á byggingasvæðum
- Hægt er að stjórna því beint hversu mikið er dregið fyrir
- Skilaboð um hversu mikið dregið er fyrir, handvirkt og með Bus
- Öryggisaðgerðir: 3 óháðar vindviðvaranir, regnviðvörðun, frostviðvörðun
- Tenging við hitastýringu byggingarinnar
- Lokað er fyrir einstaka útganga handvirkt eða með Bus


**i** Ástand við afhendingu: Hægt að stjórna útgöngum með hnappareit, fyrir notkun á byggingasvæðum.

Aðeins gardínuliðar:

- Hægt er að stilla sjálfvirkt eftirlit með starfstíma 230-V-mótora
- Hægt er að stjórna stöðu rimlanna beint
- Skilaboð um starfsstöðu og stöðu rimla, bæði handvirkt og með Bus
- Hægt er að stilla inn mismunandi senur
- Forgangsstillingar "Uppi" og "Niðri" með forgangsstýringu
- Sólskyggisvirkni

## 6 Notkun

### Stjórnæki



mynd 2

- (5) Stöðuljós útganga
- (7) Hnappurinn – Handstýring
- (8) Ljósdióða – Kveikt: varanleg handstýring
- (9) Hnappur ▲: Gluggatjöldin upp/stopp
- (10) Ljósdióða ▲ – Kveikt: Gluggatjöld fara upp, handstýring
- (11) Hnappur ▼: Gluggatjöldin niður/stopp
- (12) Ljósdióða ▼ – Kveikt: Gluggatjöld fara niður, handstýring
- (13) Hnappur **ALL OFF**: Stöðva öll gluggatjöld

Þegar stjórnað er með hnappareitnum gerir tækið greinarmun á því hvort ýtt er stutt eða lengi á hnapp.

- Stutt: Ýtt á hnapp í minna en 1 sekúndu
- Lengi: Hnappi haldið inni í 1 til 5 sekúndur

### Stöðuljós

Stöðuljós A1... (5) sýna stöðu útganga hverju sinni.

- Slökkt: Slökkt á útgangi
- Kveikt: Kveikt á útgangi
- Blikkar hægt: Útgangur í handstýringu
- Blikkar hratt: Lokað fyrir útgang með varanlegri handstýringu

### Vinnslumátar

- Bus-stýring: Stýring með snertiskynjurum eða öðrum Bus-tækjum
- Tímabundin handstýring: Handvirk stýring með hnappareit á staðnum, fer sjálfkrafa aftur í Bus-stýringu
- Varanleg handstýring: Eingöngu handvirk stýring á tækinu

**i** Ekki er hægt að nota Bus-stýringu samhliða handstýringu.

**i** Nota má handstýringu ef Bus verður óvirkur.

**i** Þegar Bus verður aftur virkur skiptir tækið yfir á Bus-stýringu.

- i** Þegar rafmagnið kemst aftur á eftir rafmagnsleysi skiptir tækið yfir á Bus-stýringu.
- i** Meðan á vinnslu stendur er hægt að loka fyrir handstýringu með Bus-boðum.

### Forgangsröðun

- Mesti forgangur: Handstýring
- 2. forgangur: Þvinguð staða
- 3. forgangur: Öryggisvirkni
- 4. forgangur: Sólskyggni
- Minnsti forgangur: Bus-stýring: upp og niður, rimlastilling, senur, staðsetning

### Stíllt á tímabundna handstýringu


Stýring með hnappareit er forrituð og ekki er lokað fyrir hana.

- Ýtið á hnappinn .
- Ljósdióður **A1** blikka en slökkt er á ljósdióðu .

- i** Ef ekki er stutt á hnapp innan 5 sekúndna fer rofaliðinn sjálfkrafa aftur í Bus-stýringu.

### Stíllt af tímabundinni handstýringu

Tækið er stíllt á tímabundna handstýringu.



- Ýtið ekki á hnapp í 5 sekúndur.  
- eða -
- Ýtið endurtekið á hnappinn  þar til rofaliðinn fer úr tímabundinni handstýringu.

Ljósdióða **A1...** eru hætt að blikka og sýna nú stöðu útgangsins.

Þegar stíllt er af handstýringu fara gluggatjöldin í stöðuna sem er virk hverju sinni, t.d. þvingaða stöðu, öryggisstöðu eða sólskyggnisstöðu, allt eftir forritun.



### Stíllt á varanlega handstýringu

Stýring með hnappareit er forrituð og ekki er lokað fyrir hana.

- Haldið hnappinum  inni í a.m.k. 5 sekúndur.  
Ljósdióðan  logar, ljósdióður **A1** blikka og stíllt er á varanlega handstýringu.

### Stíllt af varanlegri handstýringu

Tækið er stíllt á varanlega handstýringu.

- Haldið hnappinum  inni í a.m.k. 5 sekúndur.  
Slökkt er á ljósdióðu  og stíllt er á Bus-stýringu.

Þegar stillt er af handstýringu fara gluggatjöldin í stöðuna sem er virk hverju sinni, t.d. þvingaða stöðu, öryggisstöðu eða sólskyggisstöðu, allt eftir forritun.

### Stjórnun útganga

Tækið er stillt á varanlega eða tímabundna handstýringu.

- Ýtið endurtekið á hnapp  þar til réttur útgangur er valinn. Ljósdióða valins útgangs **A1...** blikkar.

Ljósdióður ▲ og ▼ gefa stöðuna til kynna.

- Stjórnið útganginum með hnappi ▲ eða ▼.  
Stutt: Gluggatjöldin stöðvuð.  
Lengi: Gluggatjöldin upp/niður.

Gluggatjöldin sem eru valin framkvæma viðkomandi skipanir.

Ljósdióður ▲ og ▼ gefa stöðuna til kynna.

- i** Tímabundin handstýring: Eftir að farið hefur verið í gegnum alla útganga fer tækið úr handstýringu þegar ýtt er aftur á hnappinn.


### Öll gluggatjöld stöðvuð

Tækið er stillt á varanlega handstýringu.

- Ýtið á hnappinn **ALL OFF**.  
Allir útgangar slá út og öll gluggatjöld stöðvast.

### Lokað fyrir tiltekna útganga

Tækið er stillt á varanlega handstýringu.

- Ýtið endurtekið á hnapp  þar til réttur útgangur er valinn. Stöðuljósdióður útgangsins **A1...** sem valinn er blikka.
- Hnappar ▲ og ▼ virkjaðir samtímis í að minnsta kosti 5 sekúndur. Útgangurinn **A1...** sem valinn er er lokaður.

Stöðuljósdióður útgangsins **A1...** sem valinn er blikka hratt.

- Gerið Bus-stýringu virka (sjá kaflann „Stíllt af varanlegri handstýringu“).

- i** Í handstýringu er hægt að stjórna útgangi sem lokað hefur verið fyrir.

- i** Þegar útgangur sem lokað hefur verið fyrir er valinn í handstýringu blikka viðkomandi stöðuljós stutt tvisvar sinnum.

### Opnað fyrir útganga

Tækið er stillt á varanlega handstýringu.

- Ýtið endurtekið á hnapp  þar til réttur útgangur er valinn.

Stöðuljósdíóður útgangsins A1... sem valinn er blikka með nokkru millibili stutt tvisvar sinnum.

- Hnappar ▲ og ▼ virkjaðir samtímis í að minnsta kosti 5 sekúndur. Opnað hefur verið fyrir valda útganginn A1...

Stöðuljósdíóður útgangsins A1... sem valinn er blikka hægt.

- Gerið Bus-stýringu virka (sjá kaflann „Stíllt af varanlegri handstýringu“).

## 7 Upplýsingar fyrir rafvirkja

### 7.1 Uppsetning

Uppsetning tækisins



#### **HÆTTA!**

Raflost ef komið er við spennuhafa hluti.

Raflost getur verið banvænt.

Takið strauminn af áður en unnið er við tækið eða tengd tæki. Til þess skal slökkva á öllum tilheyrandi aflrofum, tryggja ekki að hægt sé að kveikja á þeim aftur og tryggja að það sé engin spenna. Hyljið nærliggjandi spennuhafa hluta.



#### **HÆTTA!**

Hætt er við skemmdum ef margir mótórar eru tengdir samsíða við einn útgang.

Endastöðurofar geta brætt úr sér, mótórar, gluggatjöld og gardínustýring geta orðið fyrir skemmdum.

Fara skal eftir leiðbeiningum framleiðenda. Notað innskotsrafliða ef þarf!

Gæta verður að hitasviði. Sjáið til þess að kæling sé nægileg.

- Koma skal tækinu fyrir á hattbraut. Útgangsklemmurnar verða að snúa upp.


### 7.2 Bus-leiðsla tengd

- Tengjið Bus-leiðsluna með KNX-tengiklemmu og gætið þess að pólarnir snúi rétt (Sjá mynd 3), (Sjá mynd 4).
- Setjið lokið á KNX-tengið til varnar gegn hættulegri spennu.



## 7.3 Gardínuliði DC 24 V: Tenging við rafmagn

### Tækið tengt



mynd 3: Dæmi um tengingu á gardínuliða DC

Aðeins fyrir DC-mótora 12...48 V. Gætið að leyfilegu álagi.

Klemmurnar **1/2** fæða rafeindabúnað tækisins sem og útganga **A1** og **A2**. Stjórnliðiinn krefst þess að utanaðkomandi 24-V-DC-aðfærsluspenna sé tengd við **1/2**.

Klemmurnar **3/4** fæða útganga **A3** og **A4**.

Aðfærsluspennunni skal svo fyrir komið að spennan sé alltaf trygg, óháð álagi - einkanlega þegar mótorar eru ræstir.


Ekki má tengja riðspennu.

- Tengid fæðispennu við klemmur **1/2** eða **3/4** (Sjá mynd 3).
- Mótora skal tengja við álagsklemmur **A1** **A4** tengt (Sjá mynd 3).

**i** Tengja skal drif fyrir loftop eða opnanleg fög þannig að þau opni í keyrslustefnu "upp" og loki í keyrslustefnu "niður".


## 7.4 Gardínuliða AC 230 V og rúllugardínuliði: Rafmagnstenging.

Tækið tengt án sjálfvirkrar greiningar á keyrslutíma




mynd 4: Tenging Bus og veituspennu

- Tengir við veituspennu (Sjá mynd 4).
  - Tengja mótora (Sjá mynd 5).
  - Tilgreina notkun **230 V** á merkingu (Sjá mynd 5).
- i** Núllleiðaratengin (14) eru eingöngu fyrir greiningu keyrslutíma og bjóða ekki upp á núllspennu.
- i** Hægt er að tengja N-leiðarann þegar mótora með háa Ohm-tölu-innganga eru tengdir. Ekki má vera aukalega samfelld spenna á viðkomandi útgangi. Annars getur tækið hitnað um of. Gæta skal að hámarki þess tíma sem kveikt má vera á búnaðinum (sjá kaflann Tæknilegar upplýsingar).



mynd 5: Tenging mótors án sjálfvirkrar greiningar á keyrslutíma

## Tækið tengt með sjálfvirkri greiningu keyrslutíma



mynd 6: Tenging mótors með sjálfvirkri greiningu keyrslutíma

**i** Ekki ætlað fyrir sólskyggisstýringu.

Með samsvarandi forritun og tengingum greinir gardínuliðinn keyrslutíma einstakra gluggatjalda og vistar hann. Stjórnbúnaðurinn mælir við útgangana spennuna á N-leiðarana (14) sem eru einnig í sambandi og skynjar þannig endastöðuna. Meðan á vinnslu stendur lagar gardínuliðinn sig að breyttum keyrslutíma, t.d. vegna slits á mótorum.

**i** Ekki er hægt að nota sjálfvirka keyrslutímagreiningu við 110-V-AC-mótora, DC-mótora, mótora með rafeindaendastöðurofum sem og mótora sem tengdir eru útgöngunum með innskotsraflíðum.

**i** Aðeins við 230-V-AC-mótora með mekanískum endastöðurofum.

Sjálfvirk keyrslutímagreining er virkjuð í notkunarhugbúnaðinum.

Gluggatjöldin eru ekki læst.


- Tengid við veituspennu (Sjá mynd 4).

**i** Aðeins skal tengja einn mótör við hvern útgang.

- Tengja mótör (Sjá mynd 6).
- Tengja skal N-leiðara viðkomandi mótors (Sjá mynd 6) við N-leiðaraklemmurnar (14). Gætið að innitaugum fyrir lekastraumsvörn.
- Tilgreina notkun **230 V** á merkingu (Sjá mynd 6).

- i** N-tengi einstakra útganga og veituspennutengið tengjast ekki innbyrðis.
- i** Ef kveikt er aukalega á útgangi og ef það er lengi samfelld spenna á honum getur tækið hitnað um of. Gæta skal að hámarki þess tíma sem kveikt má vera á búnaðinum (sjá kaflann Tæknilegar upplýsingar).
- i** Við gangsetningu fer fram sjálfvirk greining á keyrslutíma og niðurstöður hennar eru vistaðar varanlega.

### Tæki tengt við 12...48-V-DC-mótora



mynd 7: Tenging DC-mótora

- i** Ekki ætlað fyrir sólskyggisstýringu.

Hægt er að nota gardínuútganga sem eru nærri hver öðrum **A1** og **A2** ... **A7** og **A8** sameiginlega til að ræsa DC-mótor.

Gardínuliðinn er forritaður sem DC-tæki.

- Tengid við veituspennu (Sjá mynd 4).
- i** Aðeins skal tengja einn mótor við hvern útgang.
- Tengja mótora (Sjá mynd 7).
- Tilgreina notkun **12-48 V** á merkingu (Sjá mynd 7).
- i** Í DC-kerfi er handvirk stýring útganga **A2**, **A4**... óvirk. Stöðuljósinn sýna stöðu liðanna.

## 7.5 Fyrsta notkun

### Keyrslutími gluggatjalda og rimla mældur

Keyrslutími gluggatjaldanna skiptir miklu máli fyrir stöðu- og senukeyrslur. Þegar um rimlagardínur er að ræða er stillitími rimlanna hluti af heildarkeyrslutíma gluggatjaldanna. Halli opinna rimlanna er því stilltur sem keyrslutími milli stillinganna "Opíð" og "Lokað".

Það tekur yfirleitt lengri tíma að fara upp en niður og tekið er tillit til þess með keyrslutímalengingu í %.

- Mælið hversu langan tíma það tekur að keyra gluggatjöldin upp og niður.

- Mæla stillitíma rimlanna milli "Opið" og "Lokað".
- Mæliniðurstöður eru færðar inn í breyturnar niður í sekúndum og keyrslutímalenging í hundraðshlutum.
- i** Ef keyrslutími er greindur sjálfkrafa þarf ekki að mæla keyrslutíma gluggatjaldanna.
- i** Ekki er hægt að mæla stillitíma rimlanna sjálfkrafa.

### Vistfangi og verkhubúnaði hlaðið inn

- Tengið brautarspennuna.
- Gefa upp raunvistfang.
- Hlaðið verkbúnaðinum í tækið.
- Skriðu raunvistfangið niður á miðann á tækinu.

### Viðmiðunarkeyrsla framkvæmd

Gardínuliðinn getur ekki virkjað senur og stöður sem kallaðar eru fram beint nema að hann hafi vistað stöður gluggatjaldanna. Til þess þarf hver og einn útgangur að framkvæma viðmiðunarkeyrslu.

- Keyrið gluggatjöldin upp í efri endastöðuna.
- Bíðið þar til útgangslíðinn og endastöðurofinn hafa slegið út.
- i** Gardínuliðinn vistar stöðu gluggatjaldanna ekki varanlega. Þegar rafmagnið kemur aftur á eftir rafmagnsleysi framkvæmir hann aftur viðmiðunarkeyrslu.
- i** Án viðmiðunarkeyrslu skilar gardínustýringin fyrir sérhvern útgang niðurstöðunni "ógild staðsetning" sem síðan er hægt að kalla fram.

### Sjálfvirk greining keyrslutíma: Keyrslutími vistaður

- i** Ekki ætlað fyrir sólskyggisstýringu.
- i** Aðeins fyrir 230-V-mótora.

Þegar greining keyrslutíma er virk getur tækið ekki stillt inn stöður og senur fyrr en það hefur vistað keyrslutímamann. Vista skal keyrslutímamann þegar engin truflandi skilyrði eru fyrir hendi, s.s. önnur stýring, vindur, snjór eða hindranir.

Sjálfvirk greining keyrslutíma er virkjuð í vinnsluhugbúnaðinum.

Tilheyrandi núllleiðarar eru tengdir fyrir viðkomandi útganga (Sjá mynd 6).

- i** Aðeins má framkvæma kennslukeyrslur í handstýringu eða með gangsetningarhugbúnaði.
- Keyra gardínur í efri endastöðu (sjá kaflann Tilvísunarkeyrsla framkvæmd)

Þegar komið er í efri endastöðu:

- Keyrið gluggatjöldin í neðri endastöðuna með handstýringu.
- Keyrið gluggatjöldin í efri endastöðuna með handstýringu.

Keyrslutíminn er vistaður.

- i** Gardínuliðinn vistar keyrslutímamann varanlega.
- i** Án vistaðs keyrslutíma skilar gardínustýringin fyrir sérhvern útgang kerfisniðurstöðunni "ógild staðsetning" sem síðan er hægt að kalla fram.
- i** Á meðan búnaðurinn er í gangi lagar rúllugardínuliðinn sig að breyttum keyrslutímum, til dæmis vegna slits í mótorum. Er þá tekið tillit til keyrslutíma rimlanna. Breyttir tímar eru ekki vistaðir í minni nema í varanlegri handstýringu.

## 8 Tæknilýsing

Orka

Málspena

Pöntunarnúmer 2154 00	DC 12 ... 48 V =
Pöntunarnúmer 2160 00	AC 230 / 240 V ~
Pöntunarnúmer 2152 00	AC 230 / 240 V ~
Pöntunarnúmer 1039 00	AC 230 / 240 V ~
Pöntunarnúmer 2161 00	AC 230 / 240 V ~

Raftíðni

Pöntunarnúmer 2154 00	—
Pöntunarnúmer 2160 00	50 / 60 Hz
Pöntunarnúmer 2152 00	50 / 60 Hz
Pöntunarnúmer 1039 00	50 / 60 Hz
Pöntunarnúmer 2161 00	50 / 60 Hz

Orkutap

Pöntunarnúmer 2154 00	hám. 1 W
Pöntunarnúmer 2160 00	hám. 4,5 W
Pöntunarnúmer 2152 00	hám. 4,5 W
Pöntunarnúmer 1039 00	hám. 4,5 W
Pöntunarnúmer 2161 00	hám. 6 W

Umhverfisskilyrði

Umhverfishitastig	-5 ... +45 °C
Geymslu-/flutningshitastig	-25 ... +70 °C

Ísetningarbreidd

Pöntunarnúmer 2154 00	72 mm / 4 breiddareiningar
Pöntunarnúmer 2160 00	72 mm / 4 breiddareiningar
Pöntunarnúmer 2152 00	72 mm / 4 breiddareiningar
Pöntunarnúmer 1039 00	72 mm / 4 breiddareiningar
Pöntunarnúmer 2161 00	144 mm / 8 breiddareiningar

Þyngd


Pöntunarnúmer 2154 00	u.þ.b. 300 g
Pöntunarnúmer 2160 00	u.þ.b. 300 g
Pöntunarnúmer 2152 00	u.þ.b. 250 g
Pöntunarnúmer 1039 00	u.þ.b. 300 g
Pöntunarnúmer 2161 00	u.þ.b. 550 g
Gardínuútgangar	
Lágmarksskiptistraumur AC	100 mA
Skiptistraumur AC 250 V	
Pöntunarnúmer 2154 00	--
Pöntunarnúmer 2160 00	AC 6 A
Pöntunarnúmer 2152 00	AC 6 A
Pöntunarnúmer 1039 00	AC 6 A
Pöntunarnúmer 2161 00	AC 6 A
Skiptistraumur DC 12 V	
Pöntunarnúmer 2154 00	6 A
Pöntunarnúmer 2160 00	--
Pöntunarnúmer 2152 00	6 A
Pöntunarnúmer 1039 00	6 A
Pöntunarnúmer 2161 00	6 A
Skiptistraumur DC 24 V	
Pöntunarnúmer 2154 00	6 A
Pöntunarnúmer 2160 00	--
Pöntunarnúmer 2152 00	6 A
Pöntunarnúmer 1039 00	6 A
Pöntunarnúmer 2161 00	6 A
Skiptistraumur DC 48 V	
Pöntunarnúmer 2154 00	3 A
Pöntunarnúmer 2160 00	--
Pöntunarnúmer 2152 00	3 A
Pöntunarnúmer 1039 00	3 A
Pöntunarnúmer 2161 00	3 A
Keyrslutími gluggatjalda	hám. 20 mín.
Gangtími ED	hám. 50% (lotutími ≤40 mín.)
Sjálfvirk keyrslutímaaðlögun	
Pöntunarnúmer 2154 00	--
Pöntunarnúmer 2160 00	hám. 20% af keyrslutíma gluggatjalda
Pöntunarnúmer 2152 00	hám. 20% af keyrslutíma gluggatjalda
Pöntunarnúmer 1039 00	hám. 20% af keyrslutíma gluggatjalda
Pöntunarnúmer 2161 00	hám. 20% af keyrslutíma gluggatjalda

Tengingar fyrir spennugjöf og álag

Tegund tengingar

Skrúfuklemma

Þversnið leiðara sem hægt er að klemma (Sjá mynd 8)



mynd 8: Þversnið leiðara sem hægt er að klemma

KNX

KNX-miðill

TP 1

Byrjunarhamur

S-hamur

Málspenna KNX

DC 21 ... 32 V SELV

Inngangsafl KNX

venjul. 150 mW

Tegund tengingar KNX

Stöðluð tengiklemma

## 9 Aðstoð ef vandamál koma upp

### Handstýring með hnappareit ekki möguleg

Orsök 1: Handstýring hefur ekki verið forrituð.

Forritið handstýringu.

Orsök 2: Lokað er fyrir handstýringu með Bus.

Opnið fyrir handstýringu.

### Ekki er hægt að stjórna útgangi

Orsök 1: Handstýring hefur ekki verið forrituð.

Breytið forritun tækisins.

Orsök 2: Lokað er fyrir handstýringu með Bus.

Opnið fyrir handstýringu.

### Ekki er hægt að stjórna útgöngum

Orsök 1: Lokað er fyrir alla útgangana.

Opnið aftur fyrir.

Orsök 2: Handstýring er virk.

Gerið handstýringu óvirka (stillið af varanlegri handstýringu).

Orsök 3: Enginn verkbúnaður eða hann í ólagi.

Yfirfarið forritunina og leiðréttið hana.

Orsök 4: Vinnsluhugbúnaður stöðvaður, forritunarljós blikkar.



Takið tækið úr sambandi við Bus og rafspennu og kveikið aftur að 10 sekúndum liðnum.

### **Stöðu- eða senukeyrslur virka illa eða alls ekki.**

Orsök 1: Sólskyggni, öryggisvirkni eða handstýring er virk.

Ekki er hægt að framkvæma stöðu- eða senukeyrslur á meðan yfirskipaðar aðgerðir eru virkar.

Orsök 2: Enginn keyrslutími vistaður.

Vista keyrslutíma (sjá kafla Sjálfvirk keyrslutímagreining: Vista keyrslutíma).

- i** Ef keyrslutími hefur ekki verið vistaður færir gardínuliðinn gluggatjöldin upp eða niður við stöðu- og senukeyrslur, allt eftir því hvort gluggatjöldin eru í efri eða neðri helmingnum.

Orsök 3: Sjálfvirk greining keyrslutíma er virkjuð og núllleiðarinn er ekki tengdur.

Lagfærið rafmagnstenginguna.

- eða -

Takið sjálfvirka greiningu keyrslutíma af.

Orsök 4: Sjálfvirk keyrslutímagreining er virk, en spennan er < 230 V eða notaðir eru rafrænir mótórar með endastöðurofum.

Takið sjálfvirka greiningu keyrslutíma af.

Lagfærið rafmagnstenginguna og fjarlægjið núllleiðarann.

### **Gluggatjöldin fara ekki í endastöðu, villur í stöðu- og senukeyrslum**

Orsök: Keyrslutími gluggatjaldanna er ekki rétt stilltur inn.

Leiðréttið keyrslutíma gluggatjaldanna.

## **10 Ábyrgð**

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum. Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

**Gira**  
**Giersiepen GmbH & Co. KG**  
Elektro-Installations-  
Systeme

Industriegebiet Mermbach  
Dahlienstraße  
42477 Radevormwald

Postfach 12 20  
42461 Radevormwald

Deutschland

Tel +49(0)21 95 - 602-0

Fax +49(0)21 95 - 602-191

[www.gira.de](http://www.gira.de)

[info@gira.de](mailto:info@gira.de)